

Karlmennska á eigin forsendum

Helga Björnsdóttir
Hrefna K. Óskarsdóttir

Í umfjöllun þeirri sem hér fer á eftir beinum við sjónum að kyngervi (*gender*), fötlun og rými (*space*) og skoðum gagnvirk tengsl og mótandi áhrif sem þessir þættir hafa hver á annan. Ástralski fræðimaðurinn Brendan Gleeson (1999) bendir á að félags- og menningarleg staða fólks gefi ákveðnar vísbendingar um viðtekin norm og gildi samfélagsins. Staðsetning fólks hefur mótandi áhrif á möguleika hvers og eins um aðgengi að tilteknum rýmum sem aftur hefur áhrif á sköpun kynjaðrar sjálfsmyndar og rýmislegrar upplifunar. Sem dæmi um þetta beinum við sjónum að reynslu fimm íslenskra hreyfihamlaðra karlmannna og því hvernig þeim gengur að fóta sig í rými ófatlaðra og hvernig þeir takast á við félags- og menningarlegar hindranir sem mæta þeim þar. Karlmennirnir sem um ræðir voru á aldrinum tuttugu til þrjátíu ára, bjuggu allir einir; fjórir í þjónustubúðum og einn í búðarsambýli. Einn þátttakenda var í vinnu, einn stundaði nám og þrír voru atvinnulausir. Þó svo að hér sé ekki um stóra eða fjölmenna rannsókn geta aðstæður og upplifun þessara karlmannna gefið innsýn í það ferli sem sköpun kynjaðrar sjálfsmyndar felur í sér. Okkur þótti því áhugavert að taka þennan hóp sem dæmi, en minnum jafnframt á að rannsókn sem þessi hefur lítið sem ekkert alhæfingargildi en getur engu að síður gefið vísbendingar um sköpun kyngervis ungra hreyfihamlaðra karlmannna og á hvern hátt rými, huglægt og hlutlægt hefur þar áhrif á.

Til skamms tíma hefur lítið verið fjallað um samspil karlmennsku og fötlunar (Helga Björnsdóttir og Hrefna K. Óskarsdóttir, 2005; Shakespeare, 1999) og það er aðeins nýlega sem fötlunarfræðingar hafa beint sjónum að rými sérstaklega sem áhrifaþætti í sjálfsmyndarmótun fatlaðs fólks (Gleeson, 1999).

Við byrjum á umfjöllun um 'hina' í rýminu, tengsl fötlunar, rýmis og karlmennskuhugmynda en gefum síðan karlmönnum sjálfum orðið.

Hinir í rýminu

Hugtakið rými má skilgreina sem bæði huglægt og hlutlægt. Einföld útskýring er að segja að hlutlægt rými sé manngert umhverfi, staður/staðir, afmarkaðir á einhvern hátt en að huglægt rými sé hið sértæka eða ófenislega umhverfi sem menn finna sig í hverju sinni og einkennist eða afmarkast af hugmyndum, orðræðum, síðum, venjum og þess háttar, sem erfitt getur reynst að festa hönd á. Að sjálfsögðu er hér um mikla einföldun að ræða og hafa verður í huga að huglæg og hlutlægt rými eru á engan hátt afmörkuð eða aðskilin frá hvort öðru heldur er þar um gagnvirk tengsl að ræða. Sem dæmi má taka skilgreininguna fötlun sem líta má á sem huglægt rými. Viðhorf til fatlaðs fólks mótast og taka mið af því félags- og menningarlega rými sem hinn fatlaði einstaklingur er staðsettur í. Séu viðteknar samfélagslegar hugmyndir á þá leið að fötlun sé meðal annars sprottin af félagslegum rótum þá eru meiri líkur á að hlutlægt rými sé aðlagð að þörfum fatlaðs fólks heldur en þegar fötlun er talin orsakast af skerðingu einstaklingsins.

Með vaxandi áherslum á femínísk sjónarhorn í rannsóknnum óx áhersla á að skoða kyngervi og sjálfsverustöður kvenna út frá huglægri skiptingu rýmis í innra (*private*) og ytra (*public*) svið. Í greinasafninu *Woman, Culture and Society* (Rosaldo og Lamphere, 1974) undirstrikuðu þrettán fræðikonur mikilvægi þess að skoða rýmislega staðsetningu kynjanna í félags-, menningar- og valdalegu tilliti og þá út frá áður nefndri skiptingu. Þær bentu á að konur væru oftast staðsettar á innra sviðinu og þá í tengslum við rými heimilis, fjölskyldu og umönnunar en ytra sviðið, það er svið efnahags, stjórnmála og valda væri svið karlmanna. Þessi rýmisskipting var þó lögð til hliðar um tíma í fræðilegum umfjöllunum, einkum vegna gagnrýni á alhæfingu, afmörkun og takmörkun á gerendahæfni einstaklinga og hópa sem hún var talin fela í sér (sjá umfjöllun í Cornwall og Lindisfarne, 1994; Mascia-Lees og Black, 2000).

Upp á síðkastið hefur þessi skipting verið notuð sem greiningartæki við skoðun á ýmsum félags- og menningarlegum þáttum veruleikans (Duncan, 1998; Woodward, 2004; Woodward og Winter, 2007). Bent hefur verið á að staðsetning fólks innan rýmis hafi alltaf haft áhrif á möguleika fólks til að skapa sjálft sig (Massey, 1996; McDowell, 1996). Í umfjöllun um rýmislega staðsetningu kynjanna vitnar breska fræðikonan Nirmal Puwar (2004) í orð Moriu Gatens (1996) sem bendir á að í gegnum tíðina hafi ýmsir hópar fólks verið sniðgengnir í fræðilegum og sögulegum textum. Oftar en ekki hafi það verið gert í krafti líkamlegra einkenna viðkomandi einstaklinga sem hóparnir hafi verið skilgreindir út frá. Gatens tiltekur sem dæmi hópa eins og þræla, börn og konur. Hér má að sjálfsögðu bæta við einum hópi – fötludu fólki –

sem segja má að allt fram á síðustu ár hafi verið nær ósýnilegt í fræðilegu- og sögulegu samhengi rannsókna. En ósýnileiki fatlaðra einstaklinga hefur ekki einskorðast við texta rannsókna og sagna heldur hafa þeir einnig verið lítt sýnilegir innan sumra manngerðra rýma. Fatlað fólk er eins og áður segir ekki eitt um að hafa verið útilokað frá ákveðnum rýmum, enda hafa ætíð gilt ákveðnar reglur – skrifaðar og óskrifaðar – um aðgengi ákveðinna hópa að mismunandi rýmum. Nægir í því sambandi að benda á takmarkað aðgengi kvenna að ýmsum pólitískum og efnahagslegum valdastofnunum. David Sibley (1995) bendir á að saga manngerðs landslags á Vesturlöndum sé jafnframt sagan af því hvernig sumir hópar innan vestrænna samfélaga hafa verið útilokaðir frá tilteknum rýmum og svæðum. Rob Shields (1991) rekur upphaf slíkrar skiptingar til þess er farið var að skipta rými niður, flokka og staðsetja sem annað hvort fjær eða nær. Shields bendir á að þessi skipting hafi orðið nokkurs konar grundvöllur félagslegs ójöfnuðar síðari tíma. Á það má benda að hugmyndin um okkur og 'hina', staðsetta utan okkar svæðis, er samofin þessari skiptingu. Slík útilokun frá ákveðnum stöðum hlýtur alltaf að fela í sér staðsetningu innan einhvers annars rýmis sem er þá eins og Sibley bendir á í flestum tilvikum skilgreint sem minna virði. Þannig er það ekki bara fólk sem er afmarkað og staðsett innan ákveðins stígveldis heldur á það einnig við um rýmið sjálft. Í gegnum samfélagslegar og menningarlegar orðræður öðlast því tiltekin svæði eða rými ákveðið gildi, tilfinningalegt og félagslegt, sem aftur byggir á eða tengist sögulegum atburðum og menningarlegum og félagslegum táknum (Shields, 1991).

Hvað kynjaða sjálfsmynd fólks varðar þá hefur staðsetning í rýminu, tengsl og samhengi áhrif á sköpun hennar og framvindu (Woodward, 2003). Rachel Woodward (2003) bendir jafnframt á að kyngervi hafi einnig mótandi áhrif á mynd hinna ýmsu félagslegra rýma; á birtingamynd þeirra í orðræðum sem og á pólitískar ákvarðanir og stjórnun þeirra. Ef varpa á ljósi á ójöfn valdatengsl fólks – hvort sem þau helgast af kyngervi, stöðu eða líkamlegum eiginleikum – er því mikilvægt að beina sjónum að rýminu sjálfu og tengslum sem það felur í sér.

Aðgengi að rými karlmennskunnar

Norm hinna vestrænu kynjatengsla miðast oftast við karlmennsku hvíttra, miðaldra, gagnkynhneigðra, félagslega vel staðsettra og líkamlega færra karlmanna. Þeir sem tilheyra slíku normi eru það kynjaviðmið sem aðrir karlmenn og konur eru gjarnan mátuð við. Ein af mörgum birtingamyndum

karlmennsku þessa hóps er líkamleg færni og eiginleikar á borð við styrk, áæðni og sjálfstæði (Morris, 1991). Áhugavert er í þessu samhengi að skoða hugmyndir fatlaðra karlmanna um kyngervi og karlmennsku sem fram komu í rannsókn bandarísku fræðimannanna Thomas Gerschick og Adam Miller (1995). Gerschick og Miller benda á að viðbrögðum karlmannanna megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi voru þeir sem fylgdu hinni viðteknu skilgreiningu og reyndu að mæta kröfum hennar. Í öðru lagi voru þeir sem aðlöguðu og mótuðu karlmennskuhugmyndir sínar að líkamlegri getu hvers og eins. Og í þriðja lagi voru þeir sem virtust láta sér karlmennskuhugmyndir í léttu rúmi liggja og nutu til þess stuðnings frá menningar- og félagslegu umhverfi sínu. Gerschick og Miller benda á að karlmenn, sem tilheyrðu fyrsta hópnum hafi lent í erfiðleikum með að næta kröfum viðtekinna karlmennskuhugmynda, á meðan að karlmönnum í hópi tvö hafi gengið vel að aðlagja karlmennskuhugtakið að eigin þörfum. Þriðja hópnum, sem gekk lengst í að sleppa takinu á karlmenskunni, gekk einnig vel en þess ber að geta að þeir sóttu styrk sinn og skilgreiningar einkum í hagsmunasamtök fatlaðs fólks sem og fræðilega umræðu um kyngervi og jafnrétti. Þannig sköpuðu þeir sér ákveðið rými þar sem þeirra eigin persónu- og sjálfsmyndarsköpun fékk að njóta sín. Gerschick og Miller undirstrika jafnframt að flestir karlmennirnir hafi fallið, að nokkru leyti, undir allar þessar flokkanir en þó tekið eina fram yfir hinar.

Jenny Morris (1991) bendir einnig á að hugmyndir um karlmennsku séu oftast aldurstengdar; það er að karlmannleiki er mun frekar eitthvað sem yngra fólk hefur en þeir sem eldri eru. Þess má geta að þeir karlmenn sem þátt tóku í rannsókninni sem hér er byggt á voru allir ungir en líkamlegur styrkur þeirra og færni var skert. Félagslegar aðstæður þeirra voru þannig að allir þurftu þeir á töluverðri aðstoð að halda við persónulegar athafnir og í flestum tilvikum voru það konur sem aðstoðuðu þá. Aðstæður sem fyrir flesta einstaklinga kunna að sýnast einfaldar gátu reynst þeim erfiðar hindranir og takmörkuðu atbeina þeirra og rými til sjálfsmyndarsköpunar. Það virtist þó ekki vefjast fyrir þeim svo fremi sem þeir höfðu stjórn á aðstæðunum. Lýsing Halldórs á ferð í kvikmyndahús með vini sínum endurspeglar þetta vel. Stoltur segir hann:

Við fórum einu sinni í [bíó], þá fórum við inn bara að utan sko og Siggí hélt bara á mér upp, því það var ekkert hægt að vera neðst sko, hélt bara á mér upp í sæti. Við fórum líka svoléiðis í sal 1 í [öðru bíó] einhvern tímann.

Greinilegt er að þó svo líkamlegir burðir Halldórs skilji hann frá viðteknum hugmyndum um karlmennsku og getu þá tekst honum engu að síður

að endurskilgreina sína eigin karlmennsku í takt við rýmið þar sem hann nýtur aðstoðar og stuðnings frá sínu félagslega umhverfi.

Um karlmenn gildir líkt og konur að hugmyndir um kyngervi hafa falið í sér ákveðna hlutverkaskiptingu kynjanna. Þar er í flestum tilvikum gert ráð fyrir karlmanninum sem fyrirvinnu og verndara kvenna. Í þessu sambandi er vert að skoða umfjöllun fræðimannsins Mitchell S. Tepper (1999) um að hann sjái um heimili og fjölskyldu en eiginkona hans sé aðal fyrirvinna fjölskyldunnar. Hjá Tepper, sem sjálfur er fatlaður, hefur hlutverkaskiptingin snúist við; hann er staðsettur í hefðbundnu rými kvenna – það er heimilinu – en kona hans er í rými fyrirvinnunnar – rými karla. Tepper segir, að þó hann telji sig nokkuð lausan við viðteknar hugmyndir samfélagsins um karlmennsku sé hann þó ekki alveg sáttur við þessa verkaskiptingu sem að hans mati er óhefðbundin. En þar sem hann hafi, í krafti líkamlegrar fötlunar sinnar, einfaldlega minni möguleika á atvinnumarkaðinum en kona hans þá komi þetta fyrirkomulag betur út fyrir fjölskylduna.

Karlarnir í íslensku rannsókninni virtust ekki vera fastir í hefðbundnum viðhorfum og þannig lýstu sumir sig tilbúna til að vera heimavinnandi í hefðbundnum kvennahlutverkum. Orð Helga endurspeglar þetta vel en hann sagði:

Mig langar alla vega til að stofna fjölskyldu sko og ég hef alveg getað hugsað mér að vera bara heimavinnandi skilurðu ef að ég myndi giftast þannig að makinn vildi vera útí vinnandi þá er ég alveg til í það.

Þátttakendur voru því tilbúnir að hafna viðteknum hugmyndum um kynhlutverk til að geta haldið í drauma sína um fjölskyldu og börn sem sýnir vilja þeirra til að endurskilgreina karlmennsku sína og stöðu eftir eigin þörfum.

Fram kemur í skrifum margra fræðimanna (sjá til dæmis Priestley, 2003; Shakespeare, Gillespie-Sells og Davies, 1996) að í orðræðu samfélagsins er oftast en ekki litið á fatlað fólk sem kynlaust eða jafnvel nokkurs konar eilíf börn. Ekki er gert ráð fyrir að það hafi áhuga á kynlífi eða kynlífs-samböndum eða beri ástartilfinningar til annarra. Þannig er fötluðu fólki haldið í huglægu rými barnsins og er það jafnt í orðræðu sem framkvæmd. Ungu mennirnir í rannsókninni fengu aðgang að rými fullorðinna sem stjórnað var bæði af fagfólki og foreldrum. Sem dæmi má nefna Andra sem notar hjólastól og þarf á mikilli aðstoð að halda við daglegar athafnir og á í erfiðleikum með að tjá sig. Andri á kærustu, Klöru, sem einnig er í hjólastól en býr á öðru sambýli. Andra og Klöru langar að búa saman en andstaða

foreldra hans gegn því kemur í veg fyrir það. Fyrir þeim er Andri ennþá barn sem þau eru ekki tilbúin að líta á sem ungan karlmann með eigin langanir og þarfir. Þau tala um hann sem barn og að þeirra mati er ekki viðeigandi að hann fari í sambúð og fái þannig aðgang að rými fullorðins karlmanns. Starfsfólk á sambýlinu þekkir óskir Andra en hefur ekki brugðist við þeim. Í umhverfi Andra er viðurkennt að hann beri vinartilfinningar til Klöru en rými sambúðar sem á sér rætur í ást er honum ekki opið á sama hátt og öðrum karlmönnum.

Lokaorð

Samspili karlmannsku og fötlunar hefur til skamms tíma lítið verið sinnt af fræðimönnum og hið sama má segja um samspil rýmis og fötlunar. Á það má benda að fötludum einstaklingum, körlum jafnt sem konum, hefur að jafnaði verið haldið utan rýmis ófatlaðra. Á það bæði við um mannert og huglægt rými. Til þess að breyta ríkjandi orðræðum og viðhorfum til fatlaðs fólks þarf að beina kastljósi rannsóknna að fólkinu sjálfu; að félags- og menningarlegum þáttum á borð við kyngervi.

Við undirstrikum að sú rannsókn sem hér hefur verið stuðst við er smá í sniðum og hér hefur aðeins lítil þáttur hennar verið kynntur. Engu að síður gefur hún til kynna að hugmyndum þeirra karlmannna sem þátt tóku í rannsókninni svipar um margt saman við hugmyndir sem fram hafa komið í rannsóknnum á öðrum fötludum karlmönnum. Þannig virðist sem fatlaðir karlmenn – í það minnsta þeir íslensku – endurskilgreini hugmyndir sínar um karlmannsku út frá rými og aðstæðum hverju sinni. Á þann hátt tekst þeim að takast á við aðstæður, sem í mörgum tilvikum eiga sinn þátt í að staðsetja þá í jaðri karlmannskuhugmynda og jafnvel utan þeirra og skapa þannig rými fyrir karlmannsku á sínum forsendum.

Heimildir

- Cornwall, A., og Lindisfarne, N. (1994). Dislocating masculinity; Gender, power and anthropology. Í Cornwall og Lindisfarne (ritstj.), *Dislocating masculinity: Comparative ethnographies* (bls.11- 47). London: Routledge.
- Duncan, N. (1996). Introduction: (Re)placings. Í Nancy Duncan (ritstj.), *Bodyspace* (bls. 1-13). London: Routledge.

- Gatens, M. (1996). *Imaginary bodies: Ethics, power, and corporeality*. London: Routledge.
- Gerschick, T. J. og Miller, A. S. (1995). Coming to terms: Masculinity and physical disability. Í D. Sabo og D. Gordon (ritstj.), *Men's health and illness* (bls. 183-204). London: Sage.
- Gleeson, B. (1999). *Geographies of disability*. London: Routledge.
- Helga Þórey Björnsdóttir og Hrefna K. Óskarsdóttir (2005). Í trássi við staðlaðar ímyndir karlmannskunnar: Karlmenn og fötlun. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 231-240). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Mascia-Lees, F. E. og Black, N. J. (2000). *Gender and anthropology*. Prospect Heights: Waveland Press.
- Massey, D. (1996). Masculinity, dualism and high technology. Í Nancy Duncan (ritstj.), *Bodyspace* (bls. 109-127). London: Routledge.
- McDowell, L. (1996). Spatializing feminism: Geographic perspectives. Í Nancy Duncan (ritstj.), *Bodyspace* (bls. 28-45), London: Routledge.
- Morris, J. (1991). *Pride against prejudice: Transforming attitudes to disability*. London: Women's Press.
- Priestley (2003). *Disability: A life course approach*. Cambridge: Polity Press.
- Puwar, N. (2004). *Space invaders: Race, gender and bodies out of place*. Oxford: Berg.
- Rosaldo Z. og Lamphere, L. (1974). *Woman, culture & society*. Stanford: Stanford University Press.
- Shakespeare, T. (1999). The sexual politics of disabled masculinity. *Sexuality and Disability*, 17, 53-64.
- Shakespeare, T., Gillespie-Sells, K. og Davies, D. (1996). *The sexual politics of disability: Untold desires*. London: Cassell.
- Shields, R. (1991). *Places on the margin: Alternative geographies of modernity*. London: Routledge.
- Sibley, D. (1995). *Geographies of exclusion: Society and difference in the West*. London: Routledge.
- Tepper, M.S. (1999). Letting go of restrictive notions of manhood: Male sexuality, disability and chronic illness. *Sexuality and Disability*, 17, 37-52.
- Woodward, R. (2003). Locating military masculinities; Space, place, and the formation of gender identity and the British Army. Í Pol Higate (ritstj.), *Military masculinities: Identity and the state*. Westport, CT: Praeger Publishing.
- Woodward, R. (2004). *Military geographies*. Oxford: Blackwell Publishing.
- Woodward, R. og Winter T. (2007). *Sexing the soldier: The politics of gender and the contemporary British Army*. London: Routledge.